

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/51

frá 19. janúar 2012

Þar sem þess er krafist að aðildarríkin banni að settur verði á markað skurðarbúnaður með sláttuþúst fyrir handsláttuorf með blaði*(tilkynnt með númeri C(2011) 9772)*

(2012/32/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

tengdar við málþlötu. Við notkun sláttuorfs með blaði, sem er búíð slíkum skurðarbúnaði, slitnaði einn hlekkur úr keðjunni og kastaðist á nærstaddan einstakling með þeim afleiðingum að hann lést. Í Bretlandi höfðu verið gerðar ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi skurðarbúnaður yrði tekinn af markaði og ekki tekinn í notkun. Á fundi nefndarinnar um vélarbúnað, sem var haldinn 2. júní 2010, óskaði Bretland eftir því að framkvæmdastjórnin skoðaði þörfina á því að samþykkja ráðstöfun þar sem þess er krafist að aðildarríkin banni að skurðarbúnaður með sambærilega tæknilega eiginleika verði settur á markað.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sláttuorf og sláttuorf með blaði eru vélar til nota í garðyrkju og skógrækt, sem hægt er að halda á og nota til að klippa gras, illgresi, runna, lítil tré og svipaðan gróður. Fullbúið sláttuorf eða sláttuorf með blaði samanstendur af vél, drifskafi, skurðarbúnaði og hlíf. Margar vélar með brunahreyfli eru tvívirkar vélar, sem unnt er að nota til að klippa gras og illgresi, eða til að klippa runna og lítil tré, eftir því hvaða skurðarbúnaður er festur við vélna.
- 2) Árið 2008 tilkynntu sænsk yfirvöld öðrum yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni um að aðrir framleiðendur en upprunalegir framleiðendur sláttuorfa með blaði, settu á markað margar tegundir af skurðarbúnaði með sláttuþúst fyrir sláttuorf með blaði, sem samanstanda af tveimur eða fleiri málmlutum, s.s. keðjum, hnífum eða burstum sem tengjast snúningshaus. Sænsk yfirvöld töldu að slíkur skurðarbúnaður með sláttuþúst væri hættulegur.
- 3) Í maí 2010 tilkynntu bresk yfirvöld öðrum yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni um banaslys af völdum skurðarbúnaðar með sláttuþúst fyrir sláttuorf með blaði sem samanstendur af tveimur keðjum sem eru

- 4) Skurðarbúnaður með sláttuþúst fyrir sláttuorf með blaði, sem er settur á markað einn og sér og þar sem notandinn festir síðan sláttuorfið með blaði, sem fellur ekki undir áhættumatið, EB-samræmisýfirlýsingu og leiðbeiningar frá framleiðanda sláttuorfs með blaði, er umskiptanlegur búnaður samkvæmt skilgreiningunni sem sett er fram í b-lið 2. gr. tilskipunar 2006/42/EB.
- 5) Í lið 1.3.2 í I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB um hættuna á broti við notkun er þess krafist að mismunandi vélarhlutar og tengingar á milli þeirra eigi að þola álagið sem þau verða fyrir við notkun. Þegar sú áhætta er fyrir hendi að vélarhlutar springi eða brotni þrátt fyrir varúðarráðstafanir verða viðkomandi hlutar að vera þannig settir í, staðsettir og/eða búnir hlífum að brot úr þeim dreifist ekki sem kemur í veg fyrir hættuástand. Í lið 1.3.3 í I. viðauka við sömu tilskipun um áhættu í tengslum við hluti, sem falla niður, eða kastast burt er þess krafist að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu sem stafar af hlutum sem falla niður eða kastast burt.
- 6) Í samhæfða staðlinum EN ISO 11806:2008 um færanlegar handklippur fyrir runna, sem eru knúnar brunahreyfli, eru tilgreindar tækniforskriftir og prófanir til að tryggja að skurðarbúnaðurinn sé nægilega sterkur og til að draga úr hættu af völdum hluta sem kastast burt. Í staðlinum er ekki gert ráð fyrir að skurðarbúnaður samstandi af meira en einum málmluta. Þó svo að beiting samræmda staðalsins sé valkvæð er tilgreint í honum að taka beri tillit

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 18, 21.1.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

- til fullkomnustu tækni, sem völ er á, þegar grunnkröfum tilskipunar 2006/42/EB um heilsuvernd og öryggi er beitt í samræmi við almennu meginreglurnar sem settar eru fram í inngangi að I. viðauka tilskipunar 2006/42/EB.
- 7) Notkun skurðarbúnaðar með sláttupúst með innbyrðis tengdum málmhlutum felur í sér umtalsvert meiri hættu á broti við notkun og að hlutir kastist burt heldur en notkun málmblaðs sem samanstendur af einum hluta. Málmhlutar skurðarbúnaðar með sláttupúst og tengingar þeirra á milli verða fyrir miklu aflfræðilegu álagi þegar þau komast í snertingu við steina, grjót og aðra fyrirstöðu, sem getur leitt til þess að þau brotni og kastist burt á miklum hraða. Þau geta einnig kastað steinum burt af meiri krafti en málmblöð sem samanstanda af einum hluta. Hlífarnar, sem festar eru á handsláttuorf með blaði, geta ekki veitt fullnægjandi vernd gegn aukinni hættu, sem skapast af völdum skurðarbúnaðar með sláttupúst með innbyrðis tengdum málmhlutum. Þar af leiðandi, og að teknu tilliti til fullkomnustu tækni, sem völ er á, telst skurðarbúnaður með sláttupúst fyrir handsláttuorf með blaði ekki uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 1.3.2 og 1.3.3 í I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB. Þetta ósamræmi eykur því umtalsvert hættuna á því að notendur og aðrir menn í hættu verði fyrir alvarlegum meiðslum eða meiðslum sem draga þá til dauða.
- 8) Hinn 22. október 2010 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Evrópusamtök framleiðenda vélbúnaðar til garðyrkju (e. *European Garden Machinery Federation*) um drög að ráðstöfun til að taka tillit til hættulegs skurðarbúnaðar fyrir sláttuorf með blaði. Í svari sínu, 4. nóvember 2010, lýstu samtökin yfir stuðningi við þessi drög.
- 9) Veita skal stysta mögulega tímunn til að beita ráðstöfunun, sem krafist er samkvæmt þessari ákvörðun, í því skyni að koma í veg fyrir frekari slys.

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar 2006/42/EB.

SAMBYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu banna að settur verði á markað skurðarbúnaður með sláttupúst, sem samanstendur af mörgum, innbyrðis tengdum málmhlutum, fyrir handsláttuorf með blaði.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari ákvörðun eigi síðar en 30. apríl 2012. Þau skulu birta þessar ráðstafanir og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Antonio TAJANI

varaforseti.